



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á alþjóðlegum minningardegi
um þá sem látist hafa í umferðarslysum**

**Reykjavík
16. nóvember 2019**

Ráðherra,
aðrir góðir gestir.

Á þessum viðburði minnumst við þeirra sem látið hafa lífið í umferðarslysum. Við komum saman hér og sömuleiðis víðar um land. Við hugsum líka til þeirra sem eftir lifa, þeirra sem sakna og syrgja og þurfa að horfast í augu við sinn mikla missi. Við sýnum hluttekningu og reynum eftir mætti að hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi, ekki síst þeim sem slasast hafa í umferðinni og eiga rétt á sem mestri og bestri umönnun og endurhæfingu. Þar getum við alltaf gert betur.

Loks erum við komin saman til að votta þeim virðingu og þakklæti sem halda á vettvang á neyðarstundu. Lögregluþjónar, bráðaliðar, slökkviliðsmenn, björgunarsveitarfólk og starfsfólk sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, auk vegfarenda sem gjarnan eru fyrstir á slysstað.

Við verðum að gera allt, sem í okkar valdi stendur, til að auka öryggi fólks í umferðinni, bæta vegi og minna ökumenn á að sýna aðgát.

Kæru vinir: Senn hefst hátíð ljóss og friðar. Í huga margra vex tilhlökkun með degi hverjum, ekki síst hjá hinum yngri sem eiga svo margt að hlakka til í þessu lífi. En gleymum ekki hinu: Hjá þeim sem misst hafa ástvini, geta hefðbundnar gleðistundir, þar sem vinir og ættingjar saman, verið þrungnar harmi.

Og aftur þetta: Gleymum ekki að þakka þeim sem vinna við að koma til bjargar þegar mest ríður á. Fyrst kemur aðventan, svo koma

jólin. Undir lok Aðventu, skáldverks Gunnars Gunnarssonar, má finna þessi orð: „Láttu þakklætið koma niður, þar sem það á heima.“

Hér á þakklætið heima, á stað þar sem sjúkum og slösuðum er sinnt, með þeim sem hafa helgað sig því göfuga starfi. Hér á samúð líka heima, samkennd með þeim sem búa við söknuð og sorg. En hér verður þá vonin líka að eiga heima.

Um þetta hafa skáldin líka ort, Vilborg Dagbjartsdóttir þeirra á meðal. Ég geri orð hennar í ljóðinu „Viðhorfi“ að mínum um leið og ég færir þeim þakkir, sem skipulögðu þennan fallega minningarviðburð, og óska ykkur öllum velfarnaðar:

Viðhorf

Þú segir:

Á hverjum degi
styttist tíminn
sem við eigum eftir.
Skref fyrir skref
færumst við nær
dauðanum
- en ég þræði dagana
eins og skínandi perlur
upp á óslitinn
silfurþráðinn.
Á hverju kvöldi
hvísla ég glöð
út í myrkrið:
Enn hefur líf mitt
lengst um heilan dag.